



Alþingi
Erindi nr. P 140/777
komudagur 12.12.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. desember 2011

1112018SA TP
Málalykill: 40

**Efni: Umsögn um frv. til breytinga á lögum um þjóðskrá og almanna-
skráningu, 363. mál 140. lþ.**

Samband íslenskra sveitarfélaga vísar til ofangreinds þingmáls sem innanríkisráðherra mælti fyrir á þingfundi þann 8. desember sl.

Venju samkvæmt vænti sambandið þess að fá umrætt frumvarp til umsagnar, enda er hér um að ræða lagasetningu sem hefur grundvallarþýðingu fyrir sveitarfélögin í landinu. Það kemur því verulega á óvart að sjá málið tekið fyrir á dagskrá þingnefndar í dag án þess að óskað hafi verið umsagnar sambandsins og sveitarfélaganna um málið. Er þar verið að fara í bága við allar meginreglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga sbr. nú 128. og 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem taka gildi um áramótin.

Ekki síður vekur furðu að frumvarp þessa efnis sé flutt nú, þegar nefnd er að störfum sem fengið hefur það verkefni að ræða sérstaklega um fyrirkomulag þjóðskrár og almannaskráningar og hlutverk sveitarfélaga í því kerfi.

Af þessum ástæðum leggst sambandið gegn því að frumvarpið verði afgreitt þannig að það taki gildi 1. janúar n.k. Þá gerir sambandið kröfu til þess að kostnaðaráhrif frumvarpsins verði metin gagnvart sveitarfélögunum og þau kölluð til samráðs um það hvernig gjaldtaka fyrir aðgang að þjóðskrá verður uppbyggð.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri